

Fáeinar hugleiðingar um nám og sjálfsnám í tungumálum ...



Eyjólfur Már Sigurðsson.

„Er ekki allt nám sjálfsnám?“ Þannig spurði einn kollegi minn forviða þegar ég sagði honum að ég hefði það starf að skipuleggja sjálfsnám í tungumálum við Háskóla Íslands. Mér varð fátt um svör, bæði vegna þess að ég fékk sjampó í augað (þetta var í sturtuklefanum eftir blakæfingu), en þó aðallega vegna þess að þetta er ekki alrangt; allt nám er sjálfsnám í þeim skilningi að enginn lærir í annars stað. Þar með er þó ekki öll sagan sögð og því þykir mér rétt að skilgreina nánar sérstöðu þess náms sem kallað er sjálfsnám og þá þætti sem greina það frá hefðbundnu námi, þ.e. námi sem fer fram í kennslustofu og stjórnad er af kennara. Hér verður einkum fjallað um sjálfsnám í tungumálum og þegar talað er um sjálfsnám þá er í öllum tilfellum átt við sjálfsnám í þeirri grein.

Eins og orðið gefur til kynna er sjálfsnám nám sem veitir nemandanum fullt sjálfraði. Henri Holec hefur skilgreint sjálfraði í tungumálanámi sem „hæfileikann til þess að bera sjálfur ábyrgð á eigin námi“.¹

Í hefðbundnu námi er það vissulega nemandinn sjálfur sem nemur en hann hefur þó oft lítið að segja um flesta þá þætti er lúta að skipulagi og inntaki námsins. Hann velur í fæstum tilfellum námsefni og námsgögn og hefur ekki nema mjög takmarkaða stjórn á námshraða og námsmati. Sjálfsnám er því það nám sem gefur nemandanum kost á því að stjórna ofangreindum þáttum.

Þetta kann að hljóma byltingarkennt og því mikilvægt að skilgreina nánar hvað felst í þessu. Hér að neðan verður vikið nánar að afmörkuðum þáttum sem tengjast sjálfsnámi: hlutverki nemandans, kenn-

arans og menntastofnana, notkun upplýsingatækni og að lokum þeirri áherslu sem lögð er á að koma til móts við þarfir nemandans.

Hlutverk nemandans

Í sjálfsnámi skipuleggur nemandinn sjálfur námsferlið og velur sér viðfangsefni við hæfi. Námið stundar hann svo á eigin forsendum með því að stjórna námshraðanum og velja þær aðferðir sem hann beitir við námið. Þetta sjálfraði kallar að sjálf-sögðu á aukna ábyrgð nemandans og krefst ákveðinnar sjálfsþekkingar. Mikilvægur hluti sjálfsnáms er því að „læra að læra“, þ.e. verða meðvitaður um eigin námsaðferðir og vera reiðubúinn að endurskoða þær ef þannig ber undir. Nemendur og kennarar geta unnið markvisst að þessu í sameiningu t.d. með viðtölum, sjálfsmati og með því að halda dagbók. Nemandinn lærir þannig að nota þau gögn og þá þjónustu sem honum býðst, þ.m.t. aðstoð kennarans.

Hlutverk kennarans

Í hugum margra er sjálfsnám nám án kennara en þannig er það þó í fæstum tilfellum. Nám án kennara er vissulega til eins og allir vita en oft á tíðum er það ekki mjög markvisst. Hver kannast ekki við að hafa einsett sér að læra erlent tungumál á eigin spýtur en gefist fljótlega upp? Það sem kemur oft í veg fyrir árangur í slíku námi er skortur nemandans á faglegrri þekkingu. Hann hefur ekki alltaf forsendur til þess að setja sér markmið, velja sér námsefni við hæfi, leita sér aðstoðar og meta eigin árangur. Tungumálakennarinn hefur faglegra sérþekkingu og getur veitt nemandanum þá aðstoð sem hann þarf á að halda til að ná raunverulegum árangri. Hann hefur auk sérþekkingar í viðkom-

¹ HOLEC, Henri: Autonomie et apprentissage des langues étrangères, Conseil de l'Europe, 1979, Éditions Hatier.

andi tungumáli, fagþekkingu í tungumálanámi og -kennslu. Í sjálfsnámi fær kennarinn nýtt hlutverk; hann er ekki lengur sá aðili sem miðlar þekkingu á eigin forsendum til nemenda heldur er hann eins konar ráðgjafi sem veitir nemandanum faglega aðstoð við tungumálanámið. Hann greinir þarfir nemandans, hjálpar honum að setja sér markmið í samræmi við þær, aðstoðar hann við val á námsgögnum til þess að ná þessum markmiðum og metur, í samvinnu við nemandann, hvort markmiðunum hafi verið náð. Sú aðstoð sem tungumálakennarinn veitir er hluti af þeirri þjónustu sem nemendum í sjálfsnámi býðst og án þessarar þjónustu veður námið ómarkvisst.

Hlutverk menntastofnana

Tungumálamiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki í sjálfsnámi því að þær skapa aðstöðu til sjálfsnáms með því að bjóða upp á fjölbreytt námsgögn sem henta til sjálfsnáms. Í ljósi þess sem sagt var hér að ofan um hlutverk kennara er mikilvægt að í tungumálamiðstöðvum séu kennarar með fagþekkingu sem geta liðsinnt nemendum og einnig þarf að ráða annað starfsfólk t.d. bókasafnsfræðinga og tæknimenn. Það er því varasamt að hugsa sér sjálfsnám sem „ódyra lausn“ í tungumálanámi. Stofnkostnaður er töluverður og kennslukostnaður getur verið sambærilegur við hefðbundið nám. Kosturinn er hins vegar sá að hægt er að taka á móti stórum hópi nemenda með ólíkar þarfir. Í fjölmönnum háskólum erlendis þar sem erlend tungumál eru skyldunámsgrein hafa oft verið settar á fót tungumálamiðstöðvar til þess að sinna þeirri kennslu.² Menntastofnanir og mála-skólar sem hyggjast bjóða upp á sjálfsnám þurfa líka að skapa kennurum starfsskilyrði sem gera þeim kleift að haga starfi sínu í samræmi við breyttar aðstæður. Þetta þýðir m.a. að skilgreina þarf

² Dæmi um þetta má nefna háskólana Paul Valéry í Montpellier og Louis Pasteur í Strasbourg í Frakklandi þar sem greinarhöfundur hefur kynnt sér tungumálakennslu í tungumálamiðstöðvum.

kennsluskyldu kennara upp á nýtt því minni tími fer í hina eiginlegu kennslu en þeim mun meiri í undirbúning, gerð kennslugagna og formleg og óformleg viðtöl þar sem kennarar leiðbeina nemendum í náminu. Menntastofnanir þurfa líka að geta lagað sig að breyttum tækjakosti því upplýsingatækni gefur stórkostlega möguleika í sjálfsnámi eins og vikið verður að hér að neðan.

Sjálfsnám og upplýsingatækni

Þær framfarir sem hafa orðið í upplýsingatækni á síðustu árum auðvelda mjög sjálfsnám því aðgangur nemenda að námsgögnum hefur stórukist. Raunar er það svo að framboð upplýsinga er svo mikið að valið er oft vandasamt. Þar reynir enn á hæfileika kennarans til að aðstoða nemendur því í upplýsingasamfélaginu þar sem finna má svör við öllum spurningum, sum góð en önnur slæm, er mikilvægt að kunna að leita, að meta og vinna úr upplýsingum.

Að „læra að læra“ felst ekki síst í því að læra að leita upplýsinga og vinna úr þeim. Upplýsingatækni er nýr möguleiki sem býður upp á marga kosti í sjálfsnámi en námið getur aldrei byggst einvörðungu á tækninni, hún hefur sín takmörk. Tæknin þjónar aðeins tilgangi ef hún hjálpar nemendum að ná markmiðum sínum, hana þarf að nota á kennslufræðilegum forsendum. En lítum aðeins á nokkra kosti þess að nota upplýsingatækni í sjálfsnámi. Í fyrsta lagi má nefna framsetningu á námsefni: Margmiðlunarefni blandar saman texta, mynd og hljóði og það er einmitt samruni þessara miðla sem gerir upplýsingatæknina áhugaverða í tungumálanámi því það auðveldar skilning og gefur kost á fjölbreyttri framsetningu efnis. Þannig má bregðast við ólíkum þörfum nemenda og þeim ólíku aðferðum sem þeir beita við námið. Í öðru lagi eru það samskipti nemandans og kennarans. Nýir miðlar kalla á nýjar samskiptavenjur og mikilvægt er að nemendur geti beitt þessari tækni til samskipta á erlendum tungu-

Tæknin þjónar aðeins tilgangi ef hún hjálpar nemendum að ná markmiðum sínum, hana þarf að nota á kennslufræðilegum forsendum.

Nemendur vilja þjálfa afmarkaða færniþætti í viðkomandi tungumáli (geta lesið fræðitexta, svarað í síma o.s.frv.) og þeir gera kröfu um „hagnýta tungumálakunnáttu“.

málum. Einnig auðveldar upplýsingatækni mjög ráðgjafahlutverk kennarans þar sem samskipti milli nemenda og kennara geta átt sér stað óháð tíma og rúmi. Síðast en ekki síst má svo nefna að internetið, gervihnatta- og kapalsjónvarp eru óþrjótandi brunnur efnis sem nota má í tungumálánámi. Nemendur geta með lítilli fyrirhöfn nálgast efni á hinu erlenda máli sem tengist áhugasviði þeirra og það er ómetanlegt því margir tungumálakennarar vita að beint samband er milli áhuga nemenda og framfara. Þessir miðlar opna líka nýjar dyr að menningarefni; nemendur geta fylgst með málefnum líðandi stundar í viðkomandi landi og fræðst um viðhorf og gildi í samfélögum þar sem tungumálið er talað. Þannig opna þessir miðlar glugga út í hinn víða heim og nemendur geta lagt eyrað að skjánum og hlerað. Möguleikar okkar á að heyra erlend tungumál hafa margfaldast á fáeinum árum með tilkomu þessara miðla. Það eitt að hafa erlend tungumál og menningu fyrir augum og eyrum dugar þó sjaldnast til þess að ná tökum á viðkomandi tungumáli og hér komum við því enn og aftur að hlutverki kennarans sem felst m.a. í því að virkja þessa miðla í þágu sjálfsnámsins.

Nemandinn í aðalhlutverki

Að ofangreindu má ráða að sjálfsnám í tungumálum hefur ótvíræða kosti. En það sem gerir sjálfsnám í tungumálum eftirsóknarvert fyrir nemendur er sú staðreynd að það er „nemendamiðað“³ því nemandinn stjórnar ferðinni og lagar námið að sínum eigin þörfum. Þetta er ákaflega hentugt því þarfir nemenda eru auðvitað mjög ólíkar af þeirri einföldu ástæðu að þeir eru sjálfir mjög ólíkir. Gildismat og viðhorf til menntunar er mjög mismunandi hjá tungumálanemendum. Framboð á endur- og símenntun hefur líka stórkæmist á undanförunum árum og tungumálánám höfðar því til miklu breiðari aldursþóps en áður. Tungumálanemandinn hefur

einnig aukna þörf fyrir sveigjanleika í náminu því hann þarf að geta stundað námið samhliða öðru: vinnu, fjölskyldu og öðru námi. Í sjálfsnámi getur nemandinn sjálfur stjórnað hvernig hann hagar tíma sínum, hvar og hvernig hann lærir.

Þarfir tungumálanema hafa líka breyst í takt við þær breytingar sem hafa orðið í alþjóðavæddum neyklusamfélögum nútímans. Louis PORCHER⁴ hefur bent á tvennt sem einkennir þarfir þeirra sem hann kallar „nýja tungumálanemendur“: Nemendur vilja þjálfa afmarkaða færniþætti í viðkomandi tungumáli (geta lesið fræðitexta, svarað í síma o.s.frv.) og þeir gera kröfu um „hagnýta tungumálakunnáttu“. Þeir eru því ekki alltaf á höttunum eftir sérhæfingu í tungumálinu heldur eru þeir „neytendur“ sem oft hafa skýrar hugmyndir um markmið tungumálanámsins. Þetta viðhorf nemenda endurspeglar t.d. í aðsókn í tungumálanám við Háskóla Íslands. Aðsókn í „hagnýtt tungumálanám-skeið“, sem valgrein, hefur aukist á sama tíma og aðsókn í tungumálagreinararnar sem slíkar hefur minnkað. Fleiri nemendur stunda tungumálanám en færri eru í leit að sérhæfingu.

Að lokum er rétt að taka það fram að sjálfræði nemandans; forsenda sjálfsnámsins, er ekki meðfætt heldur er það áunnið, lært. Til þess að ná raunverulegum árangri í sjálfsnámi þarf nemandinn að „læra að læra“ eins og minnst var á hér að ofan. Þar með verður aðferðafræðin hluti af náminu og takmark í sjálfu sér. Nemandinn þarf að skilgreina eigin þarfir og sjálfan sig sem nemanda til þess að geta valið sér efni og aðferðir við hæfi. Í þessu samhengi má segja að sjálfsnám sé ekki bara nám sem nemandinn stjórnar sjálfur heldur er sjálfsnám líka nám þar sem maður „nemur sjálfan sig“, því nemandinn upp-götvar sjálfan sig í gegnum sjálfsnámið. Sú aukna ábyrgð sem fylgir sjálfræðinu

⁴ PORCHER, Louis: „Omniprésence et diversité des auto-apprentissages“ í *Le français dans le monde/Recherches et Applications: Les auto-apprentissages*. 1992.

³ „learner-centred“.

reynist ekki öllum auðveld og því þurfa nemandinn og kennarinn að vinna markvisst með þær hugmyndir sem nemandinn hefur um námið og sjálfan sig, sem nemandi, ef vel á að takast til. Slik greining á námsferlinu sjálfu ætti að skila auknum árangri í náminu og betri og sjálfstæðari nemendum.

Svarið sem ég gaf kollega mínum úr blakinu var nú ekki alveg svona ítarlegt og líklega hef ég muldrað eitthvað í þá átt að

það væri nú sannleikskorn í þessu hjá honum en með smá heppni rekst hann á þessa grein ...

*Eyjólfur Már Sigurðsson
Tungumálamiðstöð HÍ*

Tungumálamiðstöð HÍ býður upp á stýrt sjálfsnám í tungumálum og má fræðast nánar um það hér:
www.hi.is/pub/tungumala